

Nr. 031 / 16 Dalborg EA 317**Vélarvana og dregin í land**

Skipaskr.nr. 1790
Smíðaður: Akureyri 1987, plast
Stærð: 9,41 brl. 10,96 bt.
Mesta lengd: 11,33 m Skráð lengd: 10,61 m
Breidd: 3,14 m Dýpt: 1,34 m
Vél: Ford Mermaid 90 kW, 2010
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNSA



Dalborgin©Fiskifrétir

Málið afgreitt á fundi 3. júní 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. maí 2016 var Dalborgin EA 317 á strandveiðum norður af Siglufirði. Veður: 7-8 m/s.

Á veiðunum varð skipverjinn var við mikinn reyk sem koma frá vélarúminu. Við athugun kom í ljós að hann kom frá gúmmíreim á rafal (alternator) en einnig var gat á kælivatnshosu og vatnið farið af vélinni. Skipverjinn óskaði eftir aðstoð og bjögunarskipið Sigurvin dró Dalborgina til hafnar á Siglufirði.

Við rannsókn kom fram:

- að rafall festist, reimin slúðraði og myndaði reykinn sem hætti eftir að drepið var á vélinni;
- að reimin náði að gera gat á kælivatnshosu og kælivatnið rann af vélinni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.